

Upplýsingaöryggisstefna

1. Tilgangur og umfang

Stefnan lýsir áherslum félagsins á verndun og meðhöndlun upplýsinga þ.m.t. persónuupplýsinga. Stefnan nær til allra upplýsingaverðmæta og starfsemi félagsins óháð á hvaða formi upplýsingarnar eru varðveittar, t.a.m. rafrænt vistaðar, á pappír, sem vitneskja aðila eða samskipti. Stefnan nær einnig til allra upplýsingaverðmæta þriðja aðila sem Isavia hefur í vörslu sinni og/eða félagið hefur falið öðrum að sjá um í sínu nafni. Stefnan gildir fyrir alla starfsmenn, stjórn félagsins og samningsbundna aðila sem hafa aðgang að upplýsingum fyrirtækisins.

2. Stefna

Isavia stuðlar að öryggi upplýsingaverðmæta með formföstu verklagi sem styður við samfelldan rekstur og lágmarkar rekstraráhættu.

3. Markmið

Eftirfarandi skal haft að leiðarljósi í öllum rekstri Isavia:

- Hámarka öryggi upplýsingaverðmæta og þ.m.t. upplýsingakerfa í eigu eða vörslu félagsins með tilliti til leyndar, réttleika og tiltækileika¹.
- Upplýsingaverðmæti séu varin gegn óheimilum aðgangi, til að koma í veg fyrir óviðeigandi notkun, breytingu, uppljóstrun eða eyðileggingu á mikilvægum og viðkvæmum upplýsingum.
- Áþreifanlegt öryggi sé viðunandi, s.s. aðgengi að húsnæði Isavia.
- Stuðla að og viðhalda virkri vitund um upplýsingaöryggi hjá starfsmönnum og stjórn, sem og öðrum þeim aðilum sem fá aðgengi að upplýsingaverðmætum í starfi fyrir fyrirtækið.
- Fylgja þeim lögum og reglum um stjórnun upplýsinga, upplýsingaöryggis og persónuverndar sem gilda um félagið.
- Fylgja viðmiðum öryggisstaðalsins ÍST EN ISO/IEC 27001:2017 til grundvallar skipulags og viðhaldsaðgerða sem standa vörð um leynd, réttleika og tiltækileika upplýsingaverðmæta.
- Vinna stöðugt að umbótum og framkvæma reglulega mat á áhættu til þess að leiða í ljós hvort þörf sé á úrbótum á upplýsingaöryggi félagsins.

4. Annað

Framkvæmdarstjórar bera ábyrgð á þeim upplýsingaverðmætum sem til verða í viðkomandi rekstrareiningu og að starfsmenn fari eftir þeim reglum og tilmælum sem gilda um öryggi upplýsinga.

Stefnan skal kynnt fyrir starfsfólki og öðrum þeim aðilum sem fá aðgengi að viðkvæmum upplýsingaverðmætum í starfi fyrir fyrirtækið og vera aðgengileg á innri og ytri vef félagsins.

Samþykkt af forstjóra 30. ágúst 2017.



¹ Leynd (confidentiality): Upplýsingar séu aðeins aðgengilegar þeim sem til þess hafa heimild og þarfor. Réttleiki (integrity): Tryggja nákvæmni og réttleika upplýsinga og vinnsluaðferða. Tiltækileiki (availability): Upplýsingar séu aðgengilegar og nothæfar þegar þess er krafist af notendum sem til þess hafa heimild.